






## Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2025

### STÝR2GB05

<b>Kennari</b>	Björgvin Jónsson, <a href="mailto:bjorgvin.jonsson@fss.is">bjorgvin.jonsson@fss.is</a> Sverrir Gunnarsson, <a href="mailto:sverrir.gunnarsson@fss.is">sverrir.gunnarsson@fss.is</a>	 
<b>Viðtalstími</b>	Björgvin: Mánudögum kl. 8:15 – 8:55 Sverrir: Fimmtudag kl. 08:20 – 9:00 Hafið samband við skrifstofu	
<b>Námsefni</b>	Efni frá kennara og rafbok.is	
<b>Áfangalýsing</b>	<p>Í áfanganum fer fram kynning á loftstýringum, helstu loftmeðhöndlunartækjum og virkni þeirra. Fjallað er um nokkrar gerðir af loftstýrieiningum, svo sem loka og strokka og helstu tákni og tengimyndir sem notaðar eru í loftstýringum. Nemendur þjálfast í teikningum og tengingum á einföldum loftstýringum. Haldið er áfram með segullíðastýringar þar sem frá var horfið í fyrri áfanga en nú með tengingum við loftstýringar. Nemendur hanna og tengja loftstýribúnað sem stjórnað er af segullíðastýringum. Eins og í fyrri áfanga er áhersla lögð á verkefnavinnu og verklegar æfingar sem felast í að brjóta efni áfangans til mergjar, tengja, prófa, mæla og taka saman niðurstöður.</p>	
<b>Námsmat og vægi námsmatsþátta</b>	Til að ná áfanga þarf að ná 4,5 úr lokaprófi og til að fá vinnueinkunn metna.	
	<b>Símatsáfangi</b> <input type="checkbox"/>	<b>Lokapróf</b> <input checked="" type="checkbox"/>
	<b>Símatsáfangi</b>	<b>Sleppikerfi</b> <input type="checkbox"/>
	<b>Heiti</b>	<b>Vægi</b>
	Skiladæmi	10%
	Kannanir	25%
	Verkleg verkefni	10%
	Umgengni	5%
	Lokapróf	50%
<b>Reglur áfanga</b>	Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund!	
<b>Annað sem kennari vill láta koma fram</b>	Það er nauðsynlegt að koma með sín eigin verkfæri í tíma þar sem tíminn er verklegur. Bannað er að prufa stýringar nema að kennari sé viðstaddur.	

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• helstu kostum og göllum við loftstýringar</li> <li>• virkni og notkun á loftpressum, loftsíum, smurtækjum, lofthylkjum og öryggislokum.</li> <li>• virkni og notkun á einvirkum og tvívirkum strokk</li> <li>• virkni og notkun á 2/2-, 3/2-, 5/2-lokum sem stýrt er handvirkt, með rafmagni, með lofti og vélrænt.</li> </ul>	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• teikna virkni- og tengimyndir og tengja eftir teikningum</li> <li>• tengja segulliða og loftstýringar saman.</li> </ul>
	
<p><b>Hæfni</b></p>	
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• framkvæma bilanaleit í loftstýringum.</li> <li>• skilja upplýsingar af skiltum rafmótora.</li> </ul>	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Heimavinna	16 vikur x 2 klst.	32 klst.
Undirbúningur f. kaflapróf	3 x 2 klst.	6 klst.
Undirbúningur f. lokapróf	10 klst.	10 klst.
Lokapróf	2 klst.	2 klst.
<b>Alls</b>		<b>114 klst. = 5 fein*</b>

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
<b>1. vika</b> 6. – 10. janúar	Kynning á námsefni og áherslum áfangans. Heiti og hugtök.	
<b>2. vika</b> 13. – 17. janúar	Almennur loftþrýstingur.	
<b>3. vika</b> 20. – 24. janúar	Loftpressur	Skiladæmi 1.
<b>4. vika</b> 27. – 31. janúar	Loftpressur	Könnun 1.
<b>5. vika</b> 3. - 7. febrúar	Síur og smurdæmi. Tákn.	Skiladæmi 2.
<b>6. vika</b> 10. - 14. febrúar <i>Uppbrotisdagur</i>	Strokkar einvirkir og tvívirkir. Tákn.	
<b>7. vika</b> 17. - 21. febrúar	Strokkar einvirkir og tvívirkir.	Skiladæmi 3. Könnun 2.
<b>8. vika</b> 24. - 28. febrúar <i>Vetrarfrí 27. og 28.</i>	Lokar. Tákn.	
<b>9. vika</b> 3. - 7. mars <i>Námsmatsdagur - Miðannarmat</i>	Lokar Tákn.	Skiladæmi 4.
<b>10. vika</b> 10. - 14. mars	Lokar. Tákn.	Könnun 3.
<b>11. vika</b> 17- 21. mars	Loftstýringar.	
<b>12. vika</b> 24. - 28. mars	Loftstýringar.	Skiladæmi 5.
<b>13. vika</b> 31. mars - 4. apríl	Loftstýringar og seguliðastýringar.	
<b>14. vika</b> 7. - 11. apríl <i>Starfshlaup - Páskafri</i>	Loftstýringar og seguliðastýringar.	
<b>15. vika</b> 22. - 25. apríl <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	Loftstýringar og seguliðastýringar.	
<b>16. vika</b> 28. apríl - 2. maí	Loftstýringar og seguliðastýringar.	Skiladæmi 6. Könnun 4.
<b>17. vika</b> 5. - 9. maí	Upprifjun, próf og frágangur	Próf

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Björgvin Jónsson, Sverrir Gunnarsson.